

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1206/2008 um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglugerðarinnar:

1. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 4. gr. fjórða málsgrein og breytast aðrar málsgreinar í samræmi við það, og orðast hún svo:
Fórnarlömb mansals eiga rétt á neyðaraðstoð, sbr. 1. mgr.
2. Á eftir 2. málslíð 4. mgr. bætist eftirfarandi málslíður: Sama á við um fórnarlömb mansals.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 29. gr., 3. mgr. 53. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 30. október 2009.

Álfheiður Ingadóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.